

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar. Hann er stofnaður 25. september 2001 af Bent Scheving Thorsteinsson með framlagi kr. 11.910.000.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að standa fyrir rannsóknum á einelti og kanna allar lagalegar og siðferðilegar leiðir til að fyrirbyggja einelti og bæta fyrir afleiðingar þess.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Háskóla Íslands og ávaxtaður á sem hagkvæmasta hátt á hverjum tíma og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir með reikningum Háskólasjóða.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa:

1. Rektor Háskóla Íslands.
2. Forsetar lagadeildar Háskóla Íslands og félagsvísindadeildar Háskóla Íslands skulu tilnefna einn fulltrúa hvor í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar. Ekki má úthluta hærri upphæð en $\frac{3}{4}$ af ávöxtun hans. Óúthlutaðir vextir leggjast við stofnfé.

6. gr.

Það er ósk gefanda að úthlutun úr sjóðnum fari fram við hátíðlega opinbera athöfn og nánar greint frá henni í fjölmiðlum og Árbók Háskólans.

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef stjórn sjóðsins telur það nauðsynlegt.

8. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til málefna tengdra markmiðum sjóðsins.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá Styrktarsjóðs Margaretar og Bents Scheving Thorsteinssonar hjá dómsmálaráðuneytinu í samræmi við lög um sjóði nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 2002.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.